Ótrúleg frétt!

KJARVAL SELDUR ÚR LANDI

Ótrúleg fregn. Nokkrum árum eftir að handritin eru komin heim eru uppi spádómar um að selja listaverkið „Lífshlaup" eftir Kjarval úr landi.

Enn virðist sagan endurtaka sig og mönnum förlast minni. Eftir aldareynslu í mistúlkun á sögulegum rétti íslenskra menningarverðmæta eru enn að ginnast úr landi íslensk listaverk. Í nafni frjálsrar verslunar er hluti af íslenskri listmenningu boðinn upp fyrir hæsta verð.

Útflutningur á listaverkum

Þegar málið er skoðað nánar kemur í ljós að hér er um að ræða atburð, sem leiðir íslenska nútímalist í sigti frjálsrar verslunar á alþjóðamarkaði. Og í fyrsta skipti sem íslenskt nútímalistaverk af þessari stærð er vísvitandi boðið til kaups erlendis. Eðli hinna frjálsu verslunar kemur skýrt fram. Það er ekki lengur spurning um íslenska menningararfleifð heldur aðeins hver býður hæsta boðið.

Uppboðshaldarinn setti, samkvæmt blaðaheimildum, upp lágmarksverð 3,1 milljón nýjar krónur. Við skulum hafa í huga að gangverð samtímalistaverka í íslenskum gæðaflokki er um 20.000—30.000 nýjar krónur. Og ennfremur má minna á að eftirtalin listaverk voru seld á alþjóðlegum listamarkaði í september 1981: málverk á striga eftir Jean Honore FRAGONARD, „La laitiere surprise" frá árinu 1777, stærð 0,58×0,71 m fyrir 165.000 nýjar krónur. Pastel-mynd eftir Millet, „La gardeuse de vaches", 1855, stærð 0,305×0,465 m, seld fyrir toppverð, 343.000 nýjar krónur.

Við sjáum því að íslensk listaverkaverðhefð hefur verið sprengd upp úr öllu valdi. Og síðan er freistað gæfunnar á frjálsum markaði erlendis.

Í raun er ástæða að staldra við og rýna vel í eðli málsins, því það er kominn tími til að íslensk stjórnvöld geri sér grein fyrir stöðu nútímamenningarmála og setji hispurslaus lög gagnvart útflutningi á íslenskri menningararfleifð. Þetta er ekkert óþekkt fyrirbæri, hin frjálsa verslun gramsar víðar en á Íslandi. Flest Evrópulönd hafa algerlega tekið fyrir útflutning á fornfræðilegum og listrænum þjóðarminjum. Þá eru flestar vakandi menningarþjóðir að leita uppi og kaupa aftur áður „týnd" menningarverðmæti. Það er því furðuleg fregn að íslenskur listspákaupmaður sé í þann veginn að selja úr landi merkilegan kapítula í íslenskri listasögu.



Lífshlaup Kjarvals.

Myndlist



Tvíræð ráðstöfun


Að sjálfsögðu áttu íslensk menningaryfirvöld að koma fyrr inn í myndina. Auðvitað hefði aldrei átt að taka listaverkin út úr sínu upprunalega umhverfi. Það hefði aldrei átt að gefa neinum tækifæri til að klippa verkin úr umhverfi Kjarvals til að spila með á íslenskum eða erlendum markaði.

Um leið og verkið var komið inn í sýningarsal Kjarvalsstaða varð flestum ljóst að átt hefði sér stað listræn fölsun. Listaverkið hafði skipt um eðli og í raun fengið tvíræða formgerð og um leið nýjan tvöfaldan lestur. Annars vegar sem málverk eftir Kjarval og hins vegar sem fornleifafræðileg hugmynd þess eðlis að endurreisa vinnustofu Kjarvals í framandi umhverfi. Hið „nýja listaverk" er ekki aðeins málverk heldur einnig hlutir úr gömlu vinnustofunni. Hurð, dyrakarmur, miðstöðvarofn, borð og stóll eru orðin hluti af listaverkinu. Við erum í raun komin inn í myndheim popp-listamannsins George SEGAL.

Þeir sem stóðu að þessari „endurreisn" hafa ekki áttað sig á gerbreyttu inntaki list- og sjónmenntahugtaksins í samtímalistum. Hér er því ljóst að þyngdarpunktur verksins sem hugsað var á veggfleti hefur nú færst „út fyrir rammann" og gert verkið að umhverfislistaverki í þrívídd, þ.e.a.s. veggurinn sjálfur, hurðin og ofninn, sem höfðu fyrst og fremst praktískt notagildi fyrir listamanninn, eru nú orðin hluti af listaverkinu. Listaverkið hefur verið rifið út úr sínu venjubundna samhengi og þannig öðlast ámóta inntak og ready-made listaverk Duchamp. Þetta er eðlileg afleiðing þegar peningahugleiðingar sitja í fyrirrúmi.

Þessi verslunarbrella minnir okkur á að á Íslandi er að vaxa fram harðsvífin listaverkaverslun og það er tími til kominn að íslenskir listamenn og íslensk stjórnvöld taki afstöðu gagnvart þessum markaði og setji ákveðnar reglur um höfundarrétt og útflutning á íslenskum listaverkum.

Gunnar B. Kvaran.



Kjötbúðin 1965, 236,68×252,1×121,9 cm, hæð mannsins er 158 cm. Listaverk eftir George SEGAL.

Hótel... á besta stað í bænum. Þægileg vel búin herbergi. Lipur þjónusta.



hótel hekla
RAUÐARÁRSTÍGUR 18
SÍMI 28866

Kaffistofan... er opin allan daginn. Heitur matur, brauð, kaffi og kökur. Vistlegt umhverfi.



hótel hekla
RAUÐARÁRSTÍGUR 18
SÍMI 28866

Salur... leigður út til funda og skemmtanahalds. Heitt eða kalt borð, kökur, snittur og kaffi.



hótel hekla
RAUÐARÁRSTÍGUR 18
SÍMI 28866

SPENNUM BELTIN | NOTUM LJÓS
... alltaf ... allan sólarhringinn að vetrarlagi
UMFERÐAR RÁÐ